




Menntastefna Garðabæjar

Farsæld og framsækni





Formáli

Hér gefur að líta nýja endurskoðaða skólustefnu sem mótuð var í víðtæku samráði við börn í leik-, grunn- og tónlistarskólum, starfsfólk, kjörna fulltrúa, forráðamenn og bæjarbúa. Stefnan hefur hlotið heitið Menntastefna Garðabæjar 2022 – 2030.

Stefnan tekur mið af þeim fjölmörgu lagabálkum og stefnum sem gilda um og taka til skólustarfs og tengdrar þjónustu, aðalnámskrám grunn- og leikskóla og verkefna sem unnið er að og tengjast menntastefnu enda er skólustarf barna að 16 ára aldri á verksviði sveitarfélaga. Garðabær er aðili að Heilsueflandi samfélagi þar sem unnið er að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa og verið er að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnsýslu og starfsemi í gegnum verkefnið Barnvæn sveitarfélag. Þá er leitast við að láta alla stefnumótun taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Markmiðin eru samofin og samverkandi en mikil tenging er við menntastefnu stjórnvalda, þá sérstaklega markmið um menntun fyrir alla, markmið um heilsu og vellíðan.

Menntastefnu Garðabæjar er ætlað að leggja grunn að farsælu og framsæknu skólustarfi sem einkennist af jákvæðum skólabrag og veitir öllum börnum menntun og færni til mæta þeim áskorunum sem felast í hröðum og stöðugum samfélags- og tæknibreytingum.





Skólasamfélagið í Garðabæ byggir á þeirri hugmyndafræði að farsæld sé grundvöllur framsækni. Markmið stefnunnar er að setja fram yfirmarkmið skólastarfs í Garðabæ. Stefnunni er svo fylgt eftir í aðgerðar- og starfsáætlunum skólanna, með gátlista og mælaborði sem mælir lykilkætti.



Leiðarljós farsældar

- Jöfn tækifæri fyrir öll börn án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu
- Snemmbær stuðningur
- Félagsfærni, vináttu- og samskiptaþjálfun
- Meta starfshætti í skólum með tilliti til lýðræðis, jafnréttis og sjálfbærni
- Lýðheilsa og forvarnir verði eflar m.a. til að koma í veg fyrir einelti, kvíða og misnotkun vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis
- Geðrækt sem styður við trú á eigin getu og þjargráðum gegn streitu og kvíða
- Þörfum allra barna sé mætt
- Markvissstuðningur við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
- Unnið sé út frá styrkleikum nemenda og áhugahvöt
- Lýðræðisleg þátttaka nemenda og starfsmanna
- Samhæfing þjónustukerfa
- Jákvæður skólabragur
- Virk eineltisáætlun
- Samvinna heimila og skóla
- Réttindi barna



Leiðarljós framsækni

- Metnaður og fagmennska
- Hæfni til framtíðar
- Nýsköpun og framþróun
- Einstaklingsmiðað starf sem tekur mið af styrkleikum og áhuga-
sviðum barna
- Fjölbreytt viðfangsefni og kennsluhættir á hverju skólastigi og í
frístundastarfi
- Fjölbreytt námsframboð með áherslu á tækni, vísindi, verklegt
nám, frumkvöðlastarf, menningu og sköpun
- Eftirsóknarvert starfsumhverfi
- Læsi sem grundvallarfærni og samstarfsverkefni skóla og heimila
- Stafrænt umhverfi nýtt á margvíslegan hátt
- Fjölbreytt námsmat og matskerfi s.s. innra mat
- Sjálfbær þróun

**Farsæld
og framsækni II**



Skólasamfélagið í Garðabæ skal stuðla að:



Farsæld

Áhersla sé lögð á á heilbrigða sjálfsmynd, jákvæða hugsun og farsæl samskipti meðal barna og ungmenna. Börn fái tækifæri til sjálfsþekkingar og sjálfstæðis svo þau fái notið sín sem einstaklingar með áherslur á að:

- Að öll börn þekki og hafi fengið þjálfun í færni sem eykur líkur á vellíðan og árangri til framtíðar svo sem samskiptafærni, skapandi og lausnamiðaðri hugsun, þrautseigju, og endurheimt
- Efla trú nemenda á eigin getu í gegnum nám og samskipti
- Veita nemendum þekkingu og færni í að takast á við áskoranir
- Kennarar og annað starfsfólk vinni náið saman og veiti hvert öðru gagnkvæma endurgjöf, hvatningu og stuðning
- Tryggja hæfni og þekkingarþróun á öllum skólastigum í samræmi við breyttar þarfir og samfélagsþróun
- Skólastarfið sé skipulagt með hliðsjón af þörf nemenda fyrir hreyfingu og útivist
- Horft verði til öryggis og sjálfbærni í samgöngum barna eins og almenningssamgöngum
- Nemendur tileinki sér heilbrigðan lífstíl sem stuðlar að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan
- Gæta sérstaklega að forvörnum, minni úrgangi, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu til að draga úr soun
- Stuðla að sjálfbærni í samræmi við innlendar stefnur og forgangsröðun
- Réttindi barna verði tryggð með öruggu skólaumhverfi



Framsækni

Lærdómssamfélagi í fremstu röð, framsækni og þróun þar sem vellíðan, þroski, hæfni og árangur nemenda er leiðarljósið. Boðið verði upp á fjölbreytta þjónustu við fjölskyldur frá fæðingarorlofi og þar til skólaskyldu lýkur. Þetta er m.a. tryggt með því að:

- Þróunarsjóðir úthluti til verkefna sem stuðla að framþróun og efla skólasamfélagið
- Frjálst val sé um skóla svo barn geti verið í skólaumhverfi sem hentar því sem best
- Áhersla sé lögð á sjálfstæði skóla til að marka sér sérstöðu og þar með fjölbreytt skólasamfélag varðandi rekstur skóla og áherslur
- Stutt sé við nýsköpun og þróun í skólastarfi
- Boðin sé leikskóladvöl fyrir öll börn frá 12 mánaða aldri
- Leikskólar séu opnir allt árið
- Skóladagatal leik- og grunnskóla sé að mestu samræmt
- Skóla- og frístundastarf verði sem mest samfellt
- Nýta nýjustu tækni í kennsluháttum og í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra
- Frístundaheimili grunnskóla séu opin í páska-, jóla- og vetrarleyfum
- Þjónusta börn og ungmenni innan skólanna sé þess nokkur kostur
- Auka frelsi nemenda til að stunda hverskonar hreyfingu og íþróttir
- Stefnt verði að auknu aðgengi að tónlistarnámi
- Að öll börn fái tækifæri til að kynna menningu í heimabyggð



Samstarf

Öflugu samstarfi skólanna í bænum, samstarfi við þjónustuaðila ungmenna í bænum svo sem tómstunda- og félagasamtök. Slíkt samstarf sé unnið út frá hagsmunum barnsins og stuðli að samfelli í námi barna og ungmenna. Það verður gert með því að tryggja:

- Samstarf þvert á skólastig sem byggir á grunnþáttum aðalnámskráa leik- og grunnskóla
- Þróun kennsluhátta og starfsmenningar í skólunum sem byggir á samstarfi og samvinnu
- Símenntun og aðra fræðslu með námskeiðahaldi og ráðstefnum s.s. um þróun kennsluhátta, einstaklingsbundið nám, námsmat og innra mati
- Að allir leik- og grunnskólar uppfæri og framfylgi læsisstefnum þar sem fram koma viðmið um lágmarkshæfni, aðferðir við mat og eftirfylgni
- Tækifæri til samstarfsverkefna við skóla innanlands sem erlendis þvert á skólastig
- Reglulega samráðs- og samstarfsfundi skólastjórnenda
- Samstarf við þá sem standa að íþróttá- og æskulýðsstarfi barna og ungmenna t.d. með árlegum samráðsfundum skólastjórnenda og forsvarsmanna félagasamtaka
- Virka samvinnu við forráðamenn á öllum skólastigum, þar sem samræður foreldra og kennara um nám barns eru hluti af eðlilegu skólastarfi sem og fræðslufundir fyrir foreldra um nám og uppeldi barna m.a. með stuðning við forráðamenn um ýmislegt er varðar hegðun og tilfinningavana barna
- Áhersla á samstarf heimila og skóla varðandi læsi barna og þjálfun þar að lútandi og aukinn stuðningur þar sem þörf er á
- Faglegt samstarf allra frístundaheimila
- Samstarf allra skólastiga við Tónlistarskóla Garðabæjar
- Samstarf við vinnuskóla Garðabæjar
- Samstarf við fyrirtæki, stofnanir og félög í Garðabæ um nám barna og ungmenna



Fjölbreytileiki

Komið sé til móts við margbreytilegar þarfir nemenda með ólíkum áherslum í starfi. Það verður gert með því að tryggja:

- Áherslu á einstaklingsmiðað nám, sem byggir á styrkleikum nemanda og áhugahvöt
- Heildstæða skólaþjónustu sem er samþætt annarri þjónustu í þágu farsældar barna
- Fjölbætta stoðþjónustu þar sem tæknin er nýtt í þágu nemenda
- Gott aðgengi að sérfræðingum og ráðgjöfum um nám, kennslu og uppeldi
- Snemmbæran stuðning með það að markmiði að efla nemendur og auka lífsgæði þeirra og fjölskyldna
- Aðgang að náms- og starfsfræðslu
- Atvinnutengt nám í samstarfi við skóla m.a. Vinnuskóla




Lýðræði og skólabragur

Unnið sé í takt við áherslupætti Barnasáttmálans um lýðræði og réttindi barna. Áhersla sé lögð á lýðræðislegt samstarf, sjálfstæða og gagnrýna hugsun með því að:

- Tryggja með lýðræðislegum og skilvirkum hætti aðkomu nemenda við mótun skólastarfs og skólabrags, rödd barna heyrist og leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra
- Virðing og viðurkenning á félagslegum, menningarlegum og einstaklingsbundnum margbreytileika sé tryggð
- Allir sem koma að skólastarfi eigi rétt á að hafa skoðun, láta hana í ljós og hafa þannig áhrif á mótun skólasamfélagsins

**Markmið og
áherslur hvers
skólastigs**





Dagforeldrar

Dagforeldrum verði sköpuð góð starfsskilyrði í Garðabæ, gerð verði krafa um fagmennsku og símenntun og stuðningi með fræðslu.

Það verður gert með:

- Stuðningi við grunnnámskeið og símenntun dagforeldra
- Þjónustusamningum um greiðslur Garðabæjar og foreldra
- Reglulegu samstarfi, samráði og eftirliti



Leikskólar

Leikskólar móti sér sérstöðu í skólanámskrá sem byggir á hæfni til framtíðar og þeim leiðum sem skólinn hyggst fara í grunnþáttum menntunar. Starfsemi leikskóla verði eflað með því að laða að og halda leikskólakennurum í starfi. Áhersla verði lögð á vellíðan barna, einstaklingsmiðað nám og samfellu í námi barna.

Það verður gert með:

- Leik og skapandi starfi sem kennsluáðferð
- Góðri aðstöðu úti og inni fyrir börn og starfsfólk
- Áherslu á gleði, vellíðan, félagsfærni barna sem byggir á fræðslu og forvörnum um heilbrigðum lífsstíl, reglulegri útiveru, hreyfingu og hollri næringu og áherslu á styrkleika og hæfileika barna
- Námi án aðgreiningar með áherslu á margbreytileika barna
- Reglulegum samtölum forráðamanna og starfsfólks um vellíðan og nám barnanna
- Virku samstarfi heimila og leikskóla um starfsáætlanir og þróun skólastarfs
- Samkomulagi um jákvæð og uppbyggileg samskipti innan hvers leikskóla
- Mótun reglna um hvernig staðið skuli að samfellu náms á milli leik- og grunnskóla
- Áherslu á samþættingu grunnþátta milli skólastiga
- Þróa skólanámskrá útfrá niðurstöðum innra mats
- Öflugri símenntun og starfsþróun kennara



Grunnskólar

Hver skóli móti sér sérstöðu með skólanámskrá innan ramma skólastefnu sem byggir á hæfni til framtíðar og aðalnámskrá grunnskóla. Áhersla sé lögð á einstaklingsmiðað nám, vellíðan, félagsfærni og virkni nemenda í lýðræðislegu skólaumhverfi.

Það verður gert með:

- Þjálfun í færni sem eykur líkur á vellíðan og árangri svo sem samskiptafærni, skapandi og lausnamiðaðri hugsun, þrautseigju, og endurheimt
- Öflugum samstarfi heimila og skóla með sérstaka áherslu á læsi og vellíðan
- Sýnilegum námsmarkmiðum og fjölbreyttu námsmati
- Einstaklingsmiðuðu námi sem tekur mið af styrkleikum og áhugasviðum nemenda
- Nýtingu og auðveldara aðgengi að upplýsingatækni á öllum námssviðum og við sértækan stuðning skólaþjónustu
- Öflugri list-, verk- og raungreinakennslu
- Áherslu á heilsueflandi lífsstíl, útiveru, fjölbreytta hreyfingu, holla næringu, fræðslu og forvarnir
- Öflugum forvörnum m.a. til að koma í veg fyrir einelti, kvíða og misnotkun vímuefna
- Reglulegum samtölum forráðamanna og starfsfólks um vellíðan og nám barnanna
- Lýðræðislegri aðkomu nemenda að skólastarfinu og starfsháttum sem efla gagnrýna hugsun meðal nemenda
- Öflugri símenntun og starfsþróun kennara



Tónlistarskóli

Tónlistarskóli Garðabæjar verði leiðandi afl og virkur þátttakandi í menningarstarfi í Garðabæ. Lögð verði áhersla á góðan árangur, fjölbreytta og framsækna kennsluhætti og ánægju nemenda og starfsfólks. Komið verði á öflugum foreldrafélagi tónlistarskólans. Tónlistarskólinn verði í virkur samstarfi við leik- og grunnskóla og aðrar stofnanir bæjarins.

Það verður gert með:

- Fjölbreyttu námi sem tekur mið af áhuga nemenda
- Kennslu yngri nemenda í húsnæði grunnskóla eftir því sem kostur er
- Kynningum fyrir leik- og grunnskólabörn
- Þátttöku í viðburðum í bænum
- Stofnun foreldrafélags og virku samstarfi við foreldra
- Öflugri símenntun og starfsþróun kennara



Skólaþjónusta

Með skólaþjónustu er hér átt við hvers kyns stoð-, ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu sem skólar hafa aðgang að eða geta leitað til. Henni er ætlað að styðja við skólustarf, starfsmenn, börn og ungmenni og foreldra þeirra. Markmiðið er að hvert barn fái notið hæfileika sinna, áhuga og styrks í skólustarfi. Stutt er við kennara og þeim veitt ráðgjöf í kennslu margbreytilegs barnahóps. Þannig eru skólar eflir sem faglegar menntastofnanir sem eru færar um að leysa flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólustarfi.

Það verður gert með því að:

- Innleiða heildstæða og þrepaskipta þjónustu á þverfaglegum grunni
- Þjónusta við börn og ungmenni sé veitt í nærumhverfi barna sé þess kostur
- Taka mið af heildaraðstæðum hvers nemenda
- Setja markmið og meta nám barna og ungmenna í samstarfi við þau sjálf, foreldra þeirra og kennara
- Líta til styrkeika hvers barns svo að það fái kennslu við hæfi
- Huga að þörfum nemenda og námsumhverfi þeirra
- Tryggja aðgengi að ráðgjöfum um kennslu-, sál-, þroska- og félagsfræðileg málefni
- Fræðsla sé til staðar um margbreytileika mannlífsins og kennslu fjölbreytts nemendahóps
- Auðvelda notkun fjar- og upplýsingatækni í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra
- Þjóða túlkþjónustu þegar við á
- Leggja áherslu á samfellu í námi barna með góðri upplýsingagjöf milli skólastiga






Mat og eftirfylgni

Stöðugt og markvisst er unnið að mati á námi barna og á skólastarfi allra skóla í Garðabæ. Árin 2022 – 2026 verður sérstök áhersla lögð á heildstæða skólaþjónustu og snemmbæran stuðning við börn.

Það verður gert með því að:

- Innleiða samþætta þjónustu í þágu farsældar barna
- Setja fram aðgerðaáætlun um móttöku og stuðning við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
- Nýta niðurstöður rannsókna, könnunarprófa og skimana til úrbóta
- Koma á rýnihópi kennara til að meta samfellu í námi barna og skila tillögum til umbóta
- Meta líðan barna og ungmenna
- Meta þörf skóla fyrir ráðgjafar- og stoðþjónustu
- Meta framkvæmd samstarfs milli skólastiga
- Framkvæma starfendarannsókn með hópi kennara á innleiðingu fræðslu- og forvarnaáætlunar í jafnrétti, kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum
- Meta starfshætti í skólum með tilliti til lýðræðis, jafnréttis og sjálfbærni
- Nemendur á unglíngastigum fylli út kennslumat við lok skólaárs eða annar
- Hljóta viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag






Framkvæmd - innleiðing

Í stefnunni eru tíunduð yfirmarkmið skólastarfs í Garðabæ. Hlutverk hvers skóla og hluti af sjálfstæði hans er að móta aðgerðaráætlun á grunni skólastefnunnar og setja þar fram undirmarkmið og þær leiðir sem farnar verða að markmiðum stefnunnar. Árlegar starfsáætlanir skólanna byggja á þeirri aðgerðaráætlun. Áætlanirnar verða lagðar fyrir viðkomandi nefnd, foreldraráð og skólaráð og birtar á heimasíðum skólanna.

- Unnin verði vísir að mælaborði sem gefur árlega vísbendingu um stöðuna í skólum bæjarins varðandi hæfni, árangur og líðan. Þar sé litið til þess að draga saman í eina mælingu helstu mælingar sem þegar eru framkvæmdar
- Unnir verði sérstakir gátlistar til stuðnings framkvæmdar skólastefnunnar



Garðabær
Barnvænt samfélag

